



Kæri viðtakandi

Reykjavík 10. maí 2021


Meðmælabréf

Svavar Konráðsson, meistaránemi

Ég undirritaður prófessor við Verkfræði og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands hef þekkt Svavar Konráðsson í fjögur ár. Á þessum tíma hef ég kennt honum eða haft umsjón með fjórum námskeiðum sem hann hefur tekið, þ.e. Hönnun og bestun, Tölvuvædd hönnun, Tæknileg iðnhönnun og Tölvustýrður vélbúnaður. Í þessum námskeiðunum hefur hann náð mjög góðum árangri, sýnt bæði frumkvæði og dugnað við lausn verkefna og er meðaleinkunn hans 9,0 sem er í topp 20% yfir meðaleinkunn þessara námskeiða.

Í námskeiðinu Tölvustýrður vélbúnaður hannaði hann og smíðaði kerfi sem notaði reiknigreind og myndvinnslu til að greina í sundur ávexti og flokka eftir tegundum. Að þróa og smíða þetta kerfi á fjórum vikum sýnir að Svavar er einstaklega fær hönnuður og handverksmaður sem klárar það sem hann ætlar sér.

Í meistaránáminu hefur Svavar sýnt fram á þrautseigju og dugnað og hefur hann sannað það að hann getur unnið sjálfstætt við lausn fræðilegra verkefna. Hann er kurteis, yfirvegaður og á gott með að miðla efni. Ég styð umsókn hans til ykkar heilshugar og gef honum mín bestu meðmæli.


Magnús Þórður Jónasson,
prófessor í vélaverkfræði
Háskóli Íslands
Hjarðarhagi 2 – 6
107 Reykjavík
Ísland